

ÍSAFJARÐARBÆR

Stefnumótun í atvinnumálum
2005 - 2010

Ávarp bæjarstjóra

Ágæti lesandi.



Í höndunum hefur þú stefnu Ísafjarðarbæjar í atvinnumálum. Þessi stefna tekur við af eldri stefnu sem unnin var fyrir árin 1999-2004. Vinna við þessa stefnu er búin að vera umfangsmikil og þátttakendur fjölmargir. Þátttakendur tóku þátt í vinnufundum og þar að auki voru tekin viðtöl við fulltrúa stórra fyrirtækja á svæðinu. Markmið vinnunnar var að setja fram raunhæfa stefnu um eflingu atvinnulífs svæðisins.

Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar gegndi mikilvægu hlutverki í vinnunni sem verkefnisstjórn. Nefndin réð Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða til þess að útfæra og vinna stefnuna á faglegan hátt og var verkefnisstjóri verkefnisins Neil Shiran Þórisson.

Ein af lykiláherslum í nýrri stefnu er aukin alþjóðleg tenging. Það er engin tilviljun þar sem nútímasamfélög og atvinnulíf eru sífellt að verða alþjóðavæddari. Innan Ísafjarðarbæjar eru öflug útflutningsfyrirtæki sem finna fyrir aukinni alþjóðasamkeppni og er því mikilvægt að hlúa að þeim og þeirra umhverfi svo að samkeppnishæfni þeirra aukist.

Stuðningur Ísafjarðarbæjar við atvinnulífið er margvíslegur. Meginhlutverk sveitarfélagsins er að skapa nauðsynlega grunngerð og ytra umhverfi fyrir atvinnurekstur. Með stefnumótuninni, áherslum og aðgerðum hennar, er verið að skipuleggja starf til þess að bæta enn frekar stuðning Ísafjarðarbæjar við atvinnulífið.

Nauðsynlegt er að líta á þessa vinnu sem opna og lifandi. Með vinnunni er búið að gera ákveðinn ramma og leiðarvísi að ákveðnum áfangastað í framtíðinni. Það er svo hlutverk þeirra sem koma að eftirfylgni þessarar stefnu að fylla inn í þennan ramma og koma með lausnir að þeim viðfangsefnum sem eru settar fram. Þetta er ekki stefna fyrir atvinnufyrirtæki heldur sameiginleg sýn á framþróun atvinnulífs sem á að drífa alla hagsmunaaðila áfram til aðgerða.

Íbúar bæjarfélagsins eru búnir að koma sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri við mótun stefnunnar. Framlag íbúanna var afar mikilvægt og þeirra framlag við eftirfylgnina verður enn mikilvægara. Vonin er sú að öll þessi vinna komi til með að skila af sér öflugra atvinnulífi, öflugra samfélagi og betri stað til þess að búa á.

Undirritaður vill nota þetta tækifæri til að koma á framfæri þakklæti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar til þátttakenda í hópavinnu sem og stjórnenda og faglegra ráðgjafa fyrir góða vinnu.

Halldór Halldórsson
Bæjarstjóri

Útgefandi: Ísafjarðarbær 2005

Hönnun: ATVEST

Umbrot og prentun: H-prent ehf

Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	2
Aðferðafræði.....	4
Hlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið.....	5
Atvinnumálanefnd.....	5
Atvinnumálafulltrúi Ísafjarðarbæjar.....	5
Eignarhaldsfélagið Hvetjandi.....	5
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.....	5
Málefнасamningur bæjarstjórnar.....	6
Árangur af stefnu atvinnamála 1999-2003.....	6
SVÓT greining fyrir atvinnulíf Ísafjarðarbæjar.....	7
Staða atvinnulífs Ísafjarðarbæjar.....	8
Atvinnumálastefna Ísafjarðarbæjar 2005-2010.....	9
Framtíðarsýn.....	9
Stefna.....	9
Aukin alþjóðleg tenging.....	10
Áherslur fyrir atvinnulífið.....	10
Áhersla 1 - Aukin kynning Ísafjarðarbæjar.....	10
Áhersla 2 - Styðja við nýsköpun, frumkvöðla, rannsóknir og þróun.....	10
Áhersla 3 - Styðja við útflutning og þróa tengsl við nýja erlenda markaði.....	11
Áhersla 4 - Eftirsóknarvert samfélag.....	11
Áhersla 5 - Uppbygging háskólamenntunar og háskólasamfélags.....	12
Áhersla 6 - Sveitarfélagið vinni markvisst og starfsemin verði gegnsæ og gagnvirk gagnvart íbúum.....	12
Eftirfylgni og framkvæmd.....	13
Þakkir til þátttakenda.....	14
Viðauki 1.....	15

Aðferðafræði

Stefnumótunarvinnan var skilgreind í þrjá þætti :

Stöðugreining: Núverandi staða atvinnulífs greind ásamt því að farið var yfir hlutverk þeirra sem starfa í stuðningi við atvinnulífið. Einnig var framkvæmd innri og ytri stöðugreining með SVÓT aðferðafræði.

Framtíðarsýn: Haldnir voru opnir hugarflugs-vinnufundir með hópum skipt eftir greinum atvinnulífs. Á fundunum var farið yfir tækifæri, viðfangsefni og áherslur og framtíðarsýnin mótuð út frá því. Einnig voru tekin viðtöl við stjórnendur stærstu fyrirtækja í sama tilgangi.

Mótun stefnu: Í kjölfar stöðugreiningar og greiningu á tækifærum, viðfangsefnum og áherslum var mótaður rammi fyrir stefnuna. Sá rammi gefur heildarmynd og undir rammanum eru nánar skilgreind verkefni.

Það er markmið bæjarfélagsins að þessi stefnumótun sé sveigjanleg og geti, innan ákveðins ramma, tekið mið af breytingum á aðstæðum hverju sinni. Áherslur í stefnumótuninni setja því fram ákveðinn ramma og undir honum eru settar fram tillögur að verkefnum. Tillögur að verkefnum verða einnig að falla vel að hlutverki Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið.

Hafa ber í huga að stefnumótun af þessu tagi má ekki líta sömu augum og stefnumótun fyrirtækja eða opinberra stofnana sem hafa afmörkuð starfssvið. Markmið þessarar stefnu er að hún sé leiðarljós fyrir atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar, bæjarstjórn og atvinnulíf svæðisins í heild sinni. Því eru ekki sett fram fyrirfram mótuð verkefni fyrir stjórnendur bæjarfélagsins. Þeim er heldur sett framtíðarsýn og falin ábyrgð í að móta og hrinda í framkvæmd verkefnum til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í framtíðarsýninni.

Uppbygging skýrslunnar er í megin dráttum þrjúþætt:

1. Lýsing á hlutverki Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið.
2. Stöðugreining á núverandi ástandi atvinnulífs.
3. Framtíðarsýn, stefna og áherslur.

Í lok skýrslunnar er svo fjallað um eftirfylgnina og í viðaukum er að finna lista yfir allar tillögur í heild sinni.

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið

Aðalhlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið er að:

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið

- Koma upp, viðhalda og efla ytra umhverfi fyrirtækja
- Efla og viðhalda grunngerð samfélagsins
- Helstu þættir grunngerðar sem hér um ræðir eru:
- Samgöngur
- Menntakerfi
- Umhverfismál
- Veitumál
- Orkumál

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið

Beinn stuðningur Ísafjarðarbæjar felst í aðkomu eða beinni aðild sveitarfélagsins að:

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið

- Atvinnumálanefnd
- Atvinnu- og ferðamálafulltrúa
- Eignarhaldsfélaginu Hvetjanda
- Upplýsingamiðstöð ferðamála
- Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða
- Samskipti við ríkisvald og viðeigandi stjórnvöld

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið

Ofangreinda þætti má líta á sem tengingu sveitarfélagsins og/eða beinan stuðning sveitarfélagsins við atvinnulífið. Þessir þættir hafa ákveðin hlutverk sem farið er nánar yfir í eftirfarandi texta.

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið

Atvinnumálanefnd

Í skilgreiningu á hlutverki atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar er lýst í hnotskurn stuðningi sveitarfélagsins við atvinnulífið. Hlutverk atvinnumálanefndar samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar, er:

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í atvinnu- og ferðamálum;
- að vera tengiliður bæjarstjórnar og atvinnulífs;
- að vinna í samræmi við stefnumótun Ísafjarðarbæjar í atvinnumálum;
- að stuðla að því að aðstæður til reksturs fyrirtækja í Ísafjarðarbæ séu eins og best gerist á landinu;
- að hafa yfirsýn yfir atvinnulíf í Ísafjarðarbæ, fylgjast með þróun, stöðu og horfum í atvinnumálum bæjarins;
- að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar;
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um útgjaldaliði á sviði atvinnu- og ferðamála;
- að afla tiltækra upplýsinga, m.a. í samstarfi við aðrar nefndir, um þau atriði sem mestu máli skipta varðandi atvinnuaðstæður og byggðapróun;
- að eiga náið samstarf við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða;
- að eiga samstarf við Ferðamálasamtök Vestfjarða eftir því sem við á, sem og önnur hagsmunasamtök í atvinnu- og ferðamálum á svæðinu;
- að standa fyrir almennum fundum og annarri kynningu um atvinnu- og ferðamál;
- að fylgjast með atvinnuhorfum og vinna ásamt bæjarstjórn gegn almennu atvinnuleysi;
- að hvetja fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri, t.d. með veitingu viðurkenninga;
- að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur henni.

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið

Atvinnumálafulltrúi Ísafjarðarbæjar

Atvinnumálafulltrúi er atvinnumálanefnd til aðstoðar í ýmsum málum. Hlutverk hans endurspeglast af skilgreindu hlutverki atvinnumálanefndar. Ferðaþjónusta hefur notið sérstaks stuðnings frá þessum starfsmanni enda sú grein í vexti og þróun.

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið

Eignarhaldsfélagið Hvetjandi

Er sjóður í vörslu Sparisjóðs Vestfirðinga. Sjóðurinn var stofnaður í janúar 2004 af Ísafjarðarbæ. Upphaf sjóðsins má rekja til þingsályktunar frá 1999 um atvinnuþróunarmál á landsbyggðinni. Í þingsályktuninni var Byggðastofnun heimilað að taka þátt í stofnun eignarhaldsfélaga með 40% framlagi á móti 60% framlagi heimamanna, í formi hlutafjár.

Hlutfé sjóðsins var 70 milljónir króna árið 2004 og stefnt er á að auka það í 200 milljónir króna fyrir lok árs 2005. Hluthafar í Hvetjanda voru Ísafjarðarbær Byggðastofnun, Súðavíkurhreppur, Sparisjóður Vestfirðinga og Lífeyrissjóður Vestfirðinga. Tilgangur félagsins er fyrst og fremst að ávaxta hlutfé með þátttöku í nýsköpun og uppbyggingu atvinnutækifæra á norðan-verðum Vestfjörðum.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Hefur það hlutverk að efla atvinnulíf á öllum Vestfjörðum.

Það gerir það m.a. með viðskiptaráðgjöf, stuðningi við ferðaþjónustu og vinnu við sérverkefni. Verkefnaval félagsins byggir að hluta til á Byggðaáætlun Vestfjarða, stefnumótun í atvinnumálum hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum og stefnu Byggðastofnunar.

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í stuðningi við atvinnulífið

Samskipti við ríkisvald

Stefna og ákvarðanir ríkisvalds hafa veruleg áhrif á afkomu og framtíð sveitarfélaga. Mikilvægt er fyrir sveitarstjórnarmenn á hverjum tíma að hafa áhrif á stefnumörkun ríkisvaldsins og benda á áhrif ákvarðana þess á hverjum tíma. Samskipti þessi geta farið fram með beinum eða óbeinum hætti.

Málefнасamningur bæjarstjórnar

Í málefnasamningi bæjarstjórnar frá maí 2002, segir um uppbyggingu atvinnulífs:

- Forgangsverkefni bæjarstjórnar verður að leita leiða til að styrkja atvinnulífið í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir. Liður í því er að tryggja Ísafjarðarbæ sem öflugan byggðakjarna í samræmi við nýsamþykka byggðaáætlun. Lögð verður rík áhersla á að framfylgja sérstakri Byggðaáætlun fyrir Vestfirði.

- Unnið að stofnun eignarhaldsfélags, frumkvöðlaseturs og tekin upp talning opinberra starfa.

- Atvinnumálanefnd verður efld með auknu samstarfi við atvinnulífið, fjárveitingu til verkefnavinnu og fulltrúum verður fjölgað úr þremur í fimm.

- Leitast verður við að styrkja landbúnað innan Ísafjarðarbæjar í samstarfi við bændur.

Árangur af stefnu atvinnumála 1999-2003

Í eftirfarandi kafla er farið yfir þann árangur sem varð í kjölfar stefnumótunar í atvinnumálum árið 1999. Þær aðgerðir sem settar voru fram í stefnunni voru ekki allar framkvæmdar og sumar þeirra langtímaverkefni sem eru enn í gangi. Listinn sem settur er fram er ekki tæmandi yfir starf Ísafjarðarbæjar í þágu atvinnulífsins, enda er ávallt vinna í gangi við að viðhalda og bæta grunngerð sveitarfélagsins sem nýtist atvinnulífinu og er það lykilatriði fyrir atvinnu- og mannlíf svæðisins. Þar að auki er starf þeirra sem styðja við atvinnulífið (s.s ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar, atvinnumálanefnd og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða) viðamikið og erfitt að gera grein fyrir því í þessum kafla, en þessir aðilar vinna daglega að stuðningi við atvinnulífið og nýsköpun innan svæðisins.

Nokkrar aðgerðir og áherslur eru endurtekna­r úr fyrri stefnu yfir í stefnu fyrir árin 2005-2010.

Árangrinum er skipt upp eftir þeim flokkum sem aðgerðir og áherslur voru settar í.

Menntun og rannsóknir
Fræðslumiðstöð Vestfjarða er starfandi og hefur verið efl­d á undanförn­um árum. Í framhaldi af þessu var Háskólasetur Vestfjarða stofnað í mars 2005. Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands er starfandi með skrifstofu á Ísafirði með einum starfsmanni og von er á aukningu í framtíðinni. Menntaskólinn á Ísafirði hefur verið framsækinn og hlutfallsleg fjölgun nemenda hefur hvergi verið meiri á landinu.

Íslenska Menntamálaáætlun 2005-2010

Ferðaþjónusta
Ferða- og upplýsinga­fulltrúi Ísafjarðarbæjar var ráðinn haustið 1999. Unnið hefur verið í að lengja ferðamannatímam­n með aukinni markaðssókn Skíðavikunnar, aukinni kynningu Fossa­vatnsgöngunnar, þróun viðburða á jaðartíma og markaðssetningu bæjarins sem funda- og ráðstefnustað. Þetta hefur meðal annars verið gert í samráði við Flugfélag Íslands og ferðaskrifstofur. Upplýsingamiðstöð er rekin í Ísafjarðarbæ sem landshlutamiðstöð. Búið að merkja gönguleiðir og samhlíða hefur kynningarefni verið prentað. Ísafjarðarhöfn er orðinn viðkomustaður fjölmargra skemmtiferðaskipa og mikil aukning áætluð í náinni framtíð.

Íslenska Menntamálaáætlun 2005-2010

Verslun og þjónusta
Upplýsingagjöf til ferðamanna varðandi verslun og þjónustu hefur aukist í gegnum upplýsingamiðstöð.

Menning og iþróttir
Stefnumótun í iþrótt­a- og æskulýðsmálum hefur farið fram. Fjölm­menningarsetrið var stofnað 2001 og vinnur á landsvísu að málefnum nýbúa. Bókasafnið er aðalsafn fyrir serbókróatískar bókmenntir og safnið reynir að þjóna nýbúum eins vel og öðrum íbúum svæðisins. Útivistarsvæði hafa verið skipulögð í Tungudal. Framkvæmdir hafa verið á golfvellinum og tjaldsvæðinu. Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar býður upp á fjölbreytta listakennslu með rekstraraðstoð frá Ísafjarðarbæ. Frekari uppbygging er væntanleg með ríkisaðstoð.

Matvælavinnsla
AtVest hefur staðið fyrir námskeiðum tengd atvinnulífi, rekstri, markaðsmálum og fjármálum og verður meira gert af slíku í framtíðinni.

Iðnaður
Verkefni sem snúa að eflingu iðnaðar hafa verið unnin í gegnum stoðstofnanir eins og AtVest.

Útrás og nýsköpun

Ímyndarverkefni hafa verið unnin t.d. Perlan Vestfirðir og aðrar ferðakynningar. AtVest hefur unnið að kynningu svæðisins sem ákjósanlegum stað til fjarvinnslu.

Stjórnsýsla

Búið að framkvæmda kannanir á viðhorfi íbúa til stjórnsýslunnar. Niðurstöðurnar voru meðal annars nýttar til úrbóta.

Búið að gefa út viðamiknið upplýsingarit/handbók um Ísafjarðarbæ og starfsemi sveitarfélagsins.

Skipurit bæjarins hefur verið endurskoðað og tölutækni hefur verið notuð í auknum mæli við upplýsingaflæði milli starfsmanna og íbúa samfélagsins. SVÓT greining fyrir atvinnulíf Ísafjarðarbæjar

SVÓT greining fyrir atvinnulíf Ísafjarðarbæjar**Styrkleikar**

- Áralöng hefð og þekking á útgerð og fiskvinnslu, þjónustu og stoðgreinum tengdum sjávarútvegi.
- Fjölskylduvænt samfélag með góðum leikskólum, grunnskólum, menntaskóla og heilbrigðri unglíngamenningu.
- Hátt þjónustustig í samfélaginu auk fjölbreytni í verslun.
- Íþróttastarf, menningar- og listalíf er öflugt.
- Jákvæð ímynd í tengslum við fjölmennningarlegt samfélag.
- Gott aðgengi að náttúruauðlindum.
- Hagkvæmt að búa í Ísafjarðarbæ miðað við höfuðborgarsvæðið.

Veikleikar


- Smæð atvinnumarkaðar.
- Fá atvinnutækifæri fyrir háskóla- og framhaldsmenntaða einstaklinga.
- Almenn lægri laun en á höfuðborgarsvæðinu.
- Lágt menntunarstig á Vestfjörðum.
- Óviðunandi samgöngur til höfuðborgarsvæðisins.
- Óviðunandi staða samgangna við Vestur-Barðastrandarsýslu.
- Flutningskostnaður hár.
- Fiskafli á Vestfjörðum hefur dregist saman undanfarin ár.
- Verulegur samdráttur á heildarkvóta margra nytjastofna.
- Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og stjórnkerfinu.

Ógnanir

- Brottlutningur úr dreifbýli í þéttbýli.
- Óhagstæð aldursamsetning.
- Neikvæð ímynd landsmanna af svæðinu.
- Undirstöðuatvinnugrein er háð ytri aðstæðum, s.s. sveiflum í fiskistofnum, óstöðugleika í veðurfari, gengi krónunnar, markaðsástandi og fiskveiðistjórnunarkerfi.
- Óviðunandi landssamgöngur draga úr möguleikum ferðaþjónustu og skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja á svæðinu.

Tækifæri


- Efla samstarf innan sjávarútvegsins varðandi ýmis viðfangsefni s.s nýting aukaafurða.
- Jákvæð kynning og markaðssetning svæðisins.
- Aukin nýting á möguleikum tölvu- og upplýsingatækni til flutnings opinberra starfa og starfa hjá einkafyrirtækjum til Ísafjarðarbæjar.
- Markaðssetning á lausu atvinnuhúsnæði.
- Stofnun háskólaseturs og þróun háskólasamfélags.
- Aukin samvinna og samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum.
- Fjölgun opinberra starfa og verkefna.
- Lægri húsnæðiskostnaður en víða annarstaðar.
- Nálægð við fallega og sérstæða náttúru sem skapar fjölda tækifæra fyrir ferðaþjónustu.

**Staða atvinnulífs Ísafjarðarbæjar**

Hér á efir verða teknar saman helstu upplýsingar úr Atvinnulífsskönnun sem framkvæmd var á af Netheimum árið 2005.

Tegund starfsemi

Á eftirfarandi mynd má sjá hlutfallslegu skipting starfa:




Opinber starfsemi er stærsti flokkur starfsemisgreiningar og skiptist í nokkuð jöfnum hlutföllum milli ríkis (19%) og sveitarfélags (21%). Hér er þó nokkurt frávik frá síðustu könnun sem skýrist fyrst og fremst af ólíkri flokkun starfsemi. Milli ára eru þær breytingar helstar að stöðugildum fækka örlítið (<1%) hjá sveitarfélagi en fjölga hjá ríki (~3%).

Hlutfall stöðugilda í fiskvinnslu og útgerð er nokkru lægri (16%) en í fyrri könnun sem skýrist aðallega af því að nokkur stærri fiskvinnslufyrirtæki tóku ekki þátt í könnun. Fjöldi stöðugilda er nánast óbreytt milli kannana.

Undir flokkinn verslun og þjónusta er einnig settir flokkarnir ferðaþjónusta og samgöngur og bankar og önnur fjármála-starfsemi en þeir voru sundurliðaðir sérstaklega áður. Rökin eru þau að hér er einnig um þjónustustarfsemi að ræða og ekki sérstök ástæða að sundurgreina sérstaklega í samantekt. Um 3% fjölga er milli ára í þessum flokki.

Hlutfall iðnaðar er svipað og í fyrri könnun þrátt fyrir að einhver af stærri iðnfyrirtækjum vanti í úrtak á móti komu önnur inn sem ekki voru í fyrra úrtaki. Stöðugildum fjölga um ~ 22% milli ára og vegur fjölga í byggingariðnaði mest þó einnig fjölga í öðrum greinum iðnaðar.

Í flokknum annað eru flokkuð ýmis fyrirtæki sem ekki töldu sig falla undir ofangreinda flokka og vega þar þyngst ýmis verktaka-starfsemi auk þess sem Orkubú Vestfjarða hf er flokkað hér.

Meðalfjöldi starfsmanna/stöðugilda

Eins og fram kemur á súluriti er nokkur aukning í starfsmannahaldi milli ára hjá þeim fyrirtækjum sem þátt tóku í könnun eða um rúm 3%. Nokkru færri starfsmenn/stöðugildi eru í heild en var í síðustu könnun sem skýrist af því að færri fyrirtæki tóku þátt í nýrri könnun.

Atvinnumálastefna Ísafjarðarbæjar 2005-2010

Framtíðarsýn

Atvinnulíf Ísafjarðarbæjar verði samkeppnishæft á alþjóðlegum mörkuðum og byggt verði upp fjölbreytt atvinnulíf sem nýti sér sérstöðu, styrkleika og tækifæri svæðisins. Tryggt framboð menntunar og starfa við allra hæfi og íbúum fjölggi og verði um 4250 árið 2010.

Stefna

Til þess að ná framtíðarsýninni þarf að hafa mótaða stefnu sem kortleggur hvernig áfangastaðnum verður náð.

Framsetning atvinnumálastefnu Ísafjarðarbæjar er tvískipt í eftirfarandi svið:

Atvinnulíf - aðgerðir og áherslur sem snerta atvinnulífið beint.

Umhverfi - aðgerðir og áherslur sem snerta samfélagið og ytra umhverfi fyrirtækja.

Undir þessum sviðum eru sex áherslur.

Í fyrsta lagi eru þrjár áherslur sem varða atvinnulífið en þær eru:


1. Aukin kynning Ísafjarðarbæjar
2. Hvatning og stuðningur við nýsköpun, frumkvöðlastarf, rannsóknir og þróun.
3. Stuðningur við útflutning og tengingu við nýja erlenda markaði.

Árangur af starfi eftir þessum áherslum á að vera aukin alþjóðleg tenging atvinnulífs.

Í öðru lagi eru þrjár áherslur sem snerta umhverfið en þær eru:

1. Eftirsóknarvert samfélag.
2. Uppbygging verði á háskólamenntun og háskólasamfélagi
3. Vinnubrögð sveitarfélagsins verði markviss og aukin gagnvirkni verði varðandi þarfir íbúa samfélagsins.

Árangur af starfi eftir þessum áherslum verði sá að samfélagið samanstandi af hæfileikaríkum einstaklingum, fjölbreyttu menningar- og iðröttalífi og grunngerð verði eins og hún gerist best.



Myndræna framsetningin hér fyrir ofan sýnir meginstöðirnar sex sem falla undir skiptinguna atvinnulíf og umhverfi. Í eftirfarandi texta verður farið nánar yfir stefnuna og áherslur hennar. Einnig verður farið yfir viðfangsefni undir áherslum.

Aukin alþjóðleg tenging

Útflutningsatvinnugreinar eru undirstaða hagkerfis Ísafjarðarbæjar. Talið er að svo verði áfram og aðalvöxtur í atvinnulífi verði á þeim vettvangi. Lítil heimamarkaður og verri samkeppnisstaða vegna fjarlægðar frá innanlandsmarkaði verður áfram takmarkandi fyrir fyrirtæki á þeim markaði. Aukin samkeppni er nú á alþjóðamarkaði sem afleiðing aukinnar alþjóðavæðingar. Nauðsynlegt er fyrir atvinnulíf Ísafjarðarbæjar að bregðast við þessari stöðu. Það verður gert með auknum viðskiptum á alþjóðlegum mörkuðum og aukinni nýsköpun.

Meirihluti framleiðslufyrirtækja starfa í sjávarútvegi eða tengdum greinum og stunda útflutning. Þau hafa því þekkingu á markaðsfærslu erlendis og á þeirri þekkingu þarf að byggja aukna útrás. Til að auðvelda þessum fyrirtækjum starf sitt þarf að vinna markviss að bættu starfsumhverfi svo að það skerði ekki samkeppnishæfni þeirra. Í þessu samhengi nægir að nefna flutningskostnað og bættar samgöngur.

Aukin alþjóðleg tenging á ekki eingöngu við um framleiðslufyrirtæki svæðisins heldur skiptir þetta miklu máli hvað varðar ferðaþjónustu. Markviss markaðssetning og kynning Ísafjarðarbæjar og Vestfjarða er nauðsynleg til þess að viðhalda og auka þá markaðshlutdeild sem Ísafjarðarbær hefur sem áfangastaður ferðamanna.

Áherslur fyrir atvinnulífið:

Áhersla 1 - Kynning Ísafjarðarbæjar

Áhersla 2 - Hvetja og styðja við nýsköpun, frumkvöðlastarf, rannsóknir og þróun.

Áhersla 3 - Styðja við útflutning og þróa ný tengsl við nýja erlenda markaði.

Undir áherslum er lýst eftirfarandi viðfangsefnum, lyklatríðum og verkefnum.

Áhersla 1 - Aukin kynning Ísafjarðarbæjar

- Það þarf að auka og samræma kynningu Ísafjarðarbæjar sem áfangastað ferðamanna. Það þarf að skoða markhópa ferðaþjónustunnar og koma auga á hugsanlegar sveiflur á markaði. Þetta þarf að gerast bæði í tengslum við starf upplýsingamiðstöðvar og AtVest.
- Það þarf að kynna lágt fasteignaverð og framboð á atvinnuhúsnæði. Þetta þarf að gera samhliða átaki til að flytja fyrirtæki til svæðisins.
- Það þarf að kynna þá fjárfestingamöguleika sem eru til staðar t.d matvælaframleiðslu í hreinu umhverfi, og sjálfbæra ferðaþjónustu. Þetta þarf bæði að kynna fyrir innendum og erlendum aðilum.
- Nýjum íbúum bæjarins verði sendur upplýsingapakki um félagsstarf, skóla, iðröttastarf, menningarstarf og aðra þjónustu sem nauðsynlegt er að vita um.
- Ímynd Ísafjarðarbæjar verði bætt með markvissri kynningu í fjölmiðlum þar sem lögð er áhersla á að flytja jákvæðar fréttir af svæðinu.
- Upplýsingamiðstöðin á Ísafirði sem er skilgreind landshlutamiðstöð, þarf að bæta þjónustu sína gagnvart ferðaþjónustuaðilum á svæðinu og Vestfjörðum í heild sinni. Einnig þarf Ísafjarðarbær að beita sér fyrir eflingu Vestfjarðarvefs í samstarfi við önnur sveitarfélög.
- Það þarf að kynna ákjósanlega staði fyrir kvikmyndatökur.
- Það þarf að koma upp upplýsingaheimasíðu um Ísafjarðarbær sem nýtist utanaðkomandi aðilum sem og íbúum bæjarins. Á þessari síðu þurfa að vera upplýsingar m.a. um:
 - Starf sveitarfélagsins og stofnana.
 - Iðrótta- og menningarlíf
 - Ferðaþjónustu
 - Almennar upplýsingar um samfélag og umhverfi.

Árangur af starfi með ofangreindum áherslum og viðfangsefnum á að vera:

- Aðgengilegri heimasíða Ísafjarðarbæjar.
- Aukinn fjöldi ferðamanna til Ísafjarðarbæjar.
- Samstarf Vestfirðinga í ferðaþjónustu og sameiginleg heimasíða.
- Fjölgun íbúa á svæðinu.
- Auknar erlendar fjárfestingar.
- Flutningur fyrirtækja til Vestfjarða.

Áhersla 2 - Styðja við nýsköpun, frumkvöðla, rannsóknir og þróun

- Það þarf að veita markvissa þjónustu gagnvart frumkvöðlum, einstaklingum og fyrirtækjum sem eru að vinna að nýsköpun, rannsóknum og þróun. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða þarf að kynna betur starf sitt og þá þjónustu sem er í boði.
- Það þarf að efla samstarf innan sjávarútvegs. Sameiginlega þarf að kortleggja tækifæri og viðfangsefni sem bætt geta stöðu sjávarútvegs. Þetta getur átt við stjórnsýslulega þætti eða vannýtt viðskiptatækifæri. Í raun er þetta viðfangsefni þróun á fyrirtækjaklasa í sjávarútvegi.
- Bæta aðgengi að áhættufjármagni, Eignarhaldsfélagið Hvetjandi þarf að hafa skýra og gegnsæa fjárfestingastefnu.
- Vegna skorts á áhættufjármagni þarf að hafa sérstakan starfsmann sem sérhæfir sig í styrkumsóknargerð í innlenda og alþjóðlega sjóði.

- Átak verði sett at stað til þess að stórfyrirtæki með starfsstöðvar innan Ísafjarðarbæjar auki við starfsemi sína með aukinni bakvinnslu, símsvörun og gagnagreiningu.
- Haldið verði utan um ferilskrár og upplýsingar um sérfræðimenntaða einstaklinga sem hafa áhuga á að starfa á svæðinu. Þessar upplýsingar verði aðgengilegar fyrir starfandi fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.
- Rannsóknarstofnanir taki tillit til þarfa fyrirtækja á svæðinu.
- Aukin starfsemi rannsóknarstofnanna og fleiri sérhæfðar rannsóknir eða rannsóknarstofnanir. Í þessu þarf að leggja áherslu á að koma upp rannsóknarmiðstöðvum í sjókvíaelði og í veiðarfæratækni.

Árangur af starfi með ofangreindum áherslum og viðfangsefnum á að vera:

- Fjölgun á stofnun nýrra fyrirtækja á svæðinu.
- Auknar útflutningstekjur atvinnulífs.
- Fjölgun starfa og aukin starfsemi rannsóknastofnana á svæðinu.
- Auknir styrkir inn á svæðið.

Áhersla 3 - Styðja við útflutning og þróa tengsl við nýja erlenda markaði

- Ferðaþjónustan þarf að skoða ný markaðssvæði og þróa nýja viðburði og afþreyingu sniðna að sínum markhópum. Hugsanlega er hægt að skapa ákveðna sérstöðu eins og Siglingamiðstöð Íslands enda umhverfið hentugt til þess. Til samanburðar má horfa á Vetrariþróttamiðstöð Íslands á Akureyri sem fær fjármagn frá ríkinu til ýmissa hluta.
- Markaðsstarf þarf að vera samræmt og markvisst.
- Ferðaþjónustan þarf í heild sinni að fara í gegnum stefnumótun til þess að greinin verði samstíga í eflingu svæðisins sem áfangastað ferðamanna.
- Tenging atvinnulífs við stofnanir sem aðstoða útflytjendur þarf að vera meiri. Það þarf að leggja áherslu á að stuðningsumhverfi atvinnulífs styðji vel við þær viðskiptahugmyndir sem stuðla að útflutningi frá svæðinu.
- Í umræðum um aukna alþjóðlega tengingu má ekki horfa framhjá vannyttum samstarfsmöguleikum og viðskiptatækifærum innan Vestfjarða þ.e.a.s. unnið verði að betri samskiptum og samstarfi við önnur svæði á Vestfjörðum.
- Aukin nýting hafna Ísafjarðarbæjar, sérstaklega með tilliti til aukinnar þjónustu við skip og útgerðir. Það þarf að skoða möguleika á því að hér verði umskipunarhöfn fyrir siglingar frá Asíu til hafna á austurströnd Bandaríkjanna og Kanada.
- Samstarfsmöguleikar og viðskiptatækifæri við Grænland verði kortlögð.
- Stuðla að samvinnu innan sjávarútvegs til þess að greina ný útflutningstækifæri t.d með betri nýtingu á aukaafurðum. Líklegt er að þróun fyrirtækjaklasa á sviði sjávarútvegs skili af sér fleiri tækifærum og lausnum á nýjum verkefnum.

Árangur af starfi með ofangreindum áherslum og viðfangsefnum á að vera:

- Auknar útflutningstekjur hjá atvinnulífi svæðisins
- Fjölgun atvinnutækifæra hjá útflutningsfyrirtækjum
- Seinni hluti stefnunnar tekur á því umhverfi sem fyrirtæki og atvinnulífið starfar í og er framtíðarsýnin eftirfarandi:

Samfélagið samanstandi af hæfileikaríkum einstaklingum, fjölbreyttu menningar- og íþróttalífi og grunngerð sé eins og hún gerist best.

Áherslurnar eru:

Áhersla 4 - Eftirsóknarvert samfélag.

Áhersla 5 - Uppbygging háskólamenntunar og háskólasamfélags.

Áhersla 6 - Sveitarfélagið vinni markvisst og myndi gagnvirk samband um þarfir íbúa samfélagsins.

Áhersla 4 Eftirsóknarvert samfélag

- Grunngerðin: Mál sem varða sorphirðu, orku, samgöngur, fjarskipti og vatnsveitu verði ávallt í lagi og reynt verði að bjóða öllum svæðum sveitarfélagsins upp á sömu gæði.
- Samgöngur verði sem bestar til og frá Ísafjarðarbæ.
- Leitað verði að mögulegum leiðum til að lækka flutningskostnað bæði innan Ísafjarðarbæjar og til höfuðborgarsvæðisins.
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta verði til fyrirmyndar og á sambærilegu verði.
- Íþróttastarfsemi verði samræmd innan bæjarins og aukin samvinna verði milli félaga. Héraðssamband Vestfirðinga verði eflit sem samstarfsveitvangur félaga innan Ísafjarðarbæjar og Vestfjarða.
- Menningarstarf verði áfram blómlegt og aukin samvinna verði milli aðila innan menningargeirans.
- Fjölmennningarlegt samfélag er eitt af einkennum svæðisins og þarf að efla Fjölmenningarsetrið á þann hátt að starfsemi verði leiðandi á landsvísi.
- Heilbrigð unglíngamenning verði ávallt sýnileg og forvarnarstarfið verði eftirmynd og viðmið annarra í góðum starfsvenjum.

Árangur af starfi með ofangreindum áherslum og viðfangsefnum á að vera:

- Almenn lífsskilyrði innan Ísafjarðarbæjar verði sem best.
- Samfélagið verði blómlegt hvað varðar forvarnarstarf, menningu, listir og íþróttalíf.

Áhersla 5 - Uppbygging háskólamenntunar og háskólasamfélags

- Skólar verði ávallt framsæknir og stefnt á að hér verði komið á staðbundnu háskólanámi sem allra fyrst.
- Hér verði uppbygging á háskólamenntun, rannsóknar- og þekkingarstarfi á Vestfjörðum öllum.
- Hér verði samstarfsveitvangur fyrir aðila sem vinna á sviði rannsókna, háskóla- og símenntunar, fjölþjóðlegra samstarfsverkefna og nýsköpunarverkefna.
- Háskólanámið þarf að vera sérhæft og hafa sérstöðu og laða að nemendum og starfsfólki.
- Samhliða uppbyggingu á háskólanámi verði uppbygging á háskólasamfélagi sem líkja má við háskólabæi sem þekkjast erlendis.

Árangur af starfi með ofangreindum áherslum og viðfangsefnum á að vera:

- Auknir háskólamenntunarmöguleikar hér á svæðinu.
- Færri nemar flytjast á brott til að mennta sig.
- Nemar flytjist hingað til að mennta sig.
- Atvinnusköpun innan háskólans þ.e.a.s. starfslið skólans og tengsl við rannsóknir og frumkvöðlastarf.
- Öflugra umhverfi með tilliti til rannsókna og nýsköpunar.

Áhersla 6 - Sveitarfélagið vinni markvisst og starfsemin verði gegnsæ og gagnvirk gagnvart íbúum

- Komið verði upp greinargóðri heimasíðu með alhliða upplýsingum um Ísafjarðarbæ.
- Heimasíðan verði notuð til þess að mynda gagnvirk samband á milli íbúa samfélagsins og sveitarfélagsins
- Reynt verði að fá viðbrögð íbúa við ýmsum málefnum með skipulögðum hætti.
- Atvinnumálafulltrúi vinni markvissar að sínum verkefnum og verði skýrari skipting á milli verkefna tengd atvinnumálum almennt og verkefnum tengd ferðaþjónustunni. Einnig þarf að kynna þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni.
- Unnið verði í því að koma upp viðmiðunarkerfi við önnur sveitarfélög varðandi þjónustu, gjöld bæjarins o.s.frv.
- Teknar verði saman hagtölur fyrir Ísafjarðarbæ. Þessar hagtölur eiga að vera sýnlegar íbúum og vera gagnlegar við kynningu Ísafjarðarbæjar sem búsetukost.
- Unnið verði í að skoða hagkvæmni þess að „útvista“ starfsemi sveitarfélagsins á ákveðnum sviðum og niðurstöður úr þeirri vinnu verði gerðar sýnilegar íbúum.
- Haldnir verði reglulegir íbúafundir um ýmis málefni sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið fari í heildarstefnumótun og setji sér raunhæf markmið í starfi.

Árangur af starfi með ofangreindum áherslum og viðfangsefnum á að vera:

- Markvissari og faglegri vinnubrögð sveitarfélagsins
- Gegnsæi og aukin þátttaka íbúa samfélagsins í starfi sveitarstjórnar.
- Auðveldara aðgengi að tölulegum upplýsingum.



Eftirfylgni og framkvæmd

Til þess að framtíðarsýninni verði náð, þarf að fylgja eftir þeim áherslum sem settar eru fram. Lykilatriði í eftirfylgninni er að þau „tæki“ (Atvinnumálanefnd, atvinnu- og ferðamálafulltrúi, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Eignarhaldsfélagið Hvetjandi) sem Ísafjarðarbær getur notað til þess að styðja við atvinnulífið séu meðvituð um stefnuna og fái hlutverk.

Það er hlutverk atvinnumálanefndar að tryggja að vinna við áherslur fari í gang og framkvæmdin verði unnin í samráði við þá ábyrgðaraðila sem eiga í hlut. (Í viðauka 1 er að finna niðurröðun tillagna þar sem ábyrgðaraðilar eru tilgreindir).


Þar sem þessi stefna á að vera lifandi er nauðsynlegt að skoða vel tillögur og nýjar hugmyndir sem kunna að vakna undir hverri áherslu fyrir sig. Það er því nauðsynlegt fyrir áframhald vinnunnar, að aðgerða- og verkáætlun verði unnin fyrir þau verkefni sem unnið verður að hverju sinni. Í aðgerða- og verkáætlun er hægt að setja markviss og mælanleg markmið svo betur sé hægt að meta árangur af því starfi sem á sér stað.

Erfitt er að setja mælanleg markmið fyrir þessa stefnu í heild sinni þar sem að velgengnin er ekki eingöngu háð framkvæmdum Ísafjarðarbæjar á þeim verkefnum sem sett eru fram. Hins vegar verða sett mælanleg markmið fyrir hvert verkefni sem tekið er fyrir hverju sinni.

Vinna hefst strax við framkvæmd stefnunnar og er í sumum tilfellum nú þegar hafin.

Við val á tímasetningu er hægt að hafa í huga að eftirfarandi tillögur voru þær sem þátttakendur í vinnufundum við mótun stefnunnar töldu að hefði mikið vægi fyrir framþróun atvinnulífsins og samfélagsins:

- Bættar samgöngur og skoðaðar verði leiðir til lækkunar flutningskostnaðar.
- Fyrirtækjaklasi í sjávarútvegi.
- Uppbygging á rannsóknarmiðstöð í sjókvíaeldi.
- Uppbygging á veiðarfærarannsóknarmiðstöð.
- Uppbygging á staðbundnu háskólanámi og háskólasamfélagi.
- Gagnvirkt samband sveitarfélags og íbúa.
- Heildarstefnumótun sveitarfélagsins.
- Stuðningsumhverfi atvinnulífsins kynni starf sitt betur.
- Bæta upplýsinga- og kynningarmál sveitarfélagsins.



Þakir til þátttakenda

Eftirfarandi aðilum er þakkað fyrir sitt framlag í þá vinnu sem fram fór:

Aðalsteinn Óskarsson
 Albertína Elíasdóttir
 Arna Lára Jónsdóttir
 Áslaug Alfreðsdóttir
 Áslaug Jensdóttir
 Birna Lárusdóttir
 Björgmundur Örn Guðmundsson
 Björn Davíðsson
 Dorothee Lubecki
 Elías Guðmundsson
 Elías Oddsson
 Elsa Arnardóttir
 Gísli Halldór Halldórsson
 Guðjón Már Þorsteinsson
 Guðmundur Björgmundsson
 Guðni Einarsson
 Guðni Guðnason
 Guðrún Anna Finnbogadóttir
 Gunnar Þórðarson
 Gylfi Ólafsson
 Hafdis Gunnarsdóttir
 Halldór Halldórsson
 Hinrik Kristjánsson
 Hjalti Karlsson
 Hrefna Magnúsdóttir
 Hulda Bragadóttir
 Inga Ólafsdóttir
 Jóhann Jónasson
 Jón Páll Hreinsson
 Karl Ásgeirsson
 Kristján G. Jóhannsson
 Kristján Jóakimsson
 Magnús Reynir Guðmundsson
 Óðinn Gestsson
 Ólafur M. Halldórsson
 Ragnar Kristinsson
 Ragnheiður Hákonardóttir
 Rúnar Óli Karlsson
 Sigríður Ragnarsdóttir
 Smári Haraldsson
 Steinþór Kristjánsson
 Torfi Jóhannsson
 Úlfar Ágústsson
 Örn Ingólfsson

Eftirfarandi tillögur eru þær sem komu fram á vinnufundum hjá vinnuhópum. Í sumum tillögum er búið að draga saman líkum hugmyndum í stærri og mótaðar tillögur. Tillögurnar eru flokkaðar eftir því hvort um er að ræða verkefni tengd atvinnulífi eða samfélagi og ytra umhverfi fyrirtækja. Þar að auki er vísað í þær áherslur sem tillögurnar falla undir og því gott að horfa á ramma atvinnumálastefnunnar til hliðsjónar.

Áhersla/Aðgerð	Lýsing	Markmið	Svið	Ábyrgð	Áhersla
Fyrirtækjaklasi í sjávarútvegi.	Efling samstarfs innan greinarinnar. Innan þessa samstarfs er hægt að skoða framtíð sjávarútvegs m.t.t. til fiskeldis, aukaafurða úr úrgangi fiskvinnslustöðva auk annarra tækifæra. Það þarf að vinna í stjórn málaegum þrýstingi til að bæta samkeppnisstöðu sjávarútvegsfyrirtækja á svæðinu s.s. með bættum samgöngum. Þetta eru viðfangsefni fyrirtækjaklasi í sjávarútvegi.	Aukið samstarf og samstaða innan greinarinnar leiði af sér öflugri fylkingu fyrirtækja og útgerðarmanna.	Atvinnulíf	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Áherslur 2 og 3
Frumkvöðlasetur.	Frumkvöðlasetur veiti efnilegum viðskiptahugmyndum nauðsynlega aðstöðu til þess að dafna.	Aukin nýstofnun fyrirtækja og betri stuðningur við frumkvöðla og nýsköpun.	Atvinnulíf	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Áhersla 2
Kynning á starfi AtVest og atvinnumálafultrúa Ísafjarðarbæjar.	Störf og hlutverk AtVest og atvinnumálafultrúa AtVest eru ekki nægilega vel kynnt. Það þarf að kynna starfsemina með reglulegum fyrirtækjaheimsóknum.	Betri þjónusta við frumkvöðla.	Atvinnulíf	Atvinnuþróunarfélag og atvinnumálafultrúi.	Áhersla 2
Bættar samgöngur.	Samgöngur til og innan Ísafjarðarbæjar verði bættar. Tekið verði tillit til atvinnulífs á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri auk þarfa íbúa þeirra svæða.	Samgöngur komi ekki til að veikja samkeppnisstöðu fyrirtækja á svæðinu.	Atvinnulíf	Bæjaryfirvöld	Áhersla 2
Bætt samskipti við S-Vestfirði.	Það þarf að auka samskipti og samstarf við S-Vestfirði á ýmsum sviðum m.a. að auknu samstarfi varðandi ferðaþjónustu og í tengslum við klasa í sjávarútvegi.	Jákvæð ímynd Ísafjarðarbæjar á S-Vestfirðum og lítið verði á alla Vestfirði sem eitt atvinnu- og búsetusvæði.	Atvinnulíf	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og ferðamálafultrúi.	Áherslur 1, 2, og 3
Rannsóknarmiðstöð í sjókvíaelði.	Koma á fót rannsóknarmiðstöð sem styður við þau fyrirtæki sem stunda fiskeldi í dag. Þetta er hluti af viðfangsefnum sjávarútvegsklasans.	Ísafjarðarbær verði leiðandi á landsvísu varðandi rannsóknir og þróun í fiskeldi.	Atvinnulíf	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Áhersla 2
Rannsóknarmiðstöð í veiðafæratækni.	Koma á fót rannsóknarmiðstöð sem byggir á sérþekkingu á þessu sviði. Miðstöðin þarf að byggja á þeirri þekkingu sem er til staðar á svæðinu.	Ísafjarðarbær verði auðkenndur sem miðstöð þekkingar á þróun veiðarfæra.	Atvinnulíf	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.	Áhersla 2
Markaðssetning Ísafjarðarbæjar sem áfangastað ferðamanna.	Ísafjarðarbær þarf að vera leiðandi aðili í markaðssetningu Ísafjarðarbæjar gagnvart vænlegum markhópum ferðamanna.	Aukinn fjöldi ferðamanna	Atvinnulíf	Atvinnumálafultrúi	Áhersla 1

Áhersla/Aðgerð	Lýsing	Markmið	Svið	Ábyrgð	Áhersla
Bæta rekstur upplýsingamiðstöðvar.	Upplýsingamiðstöðin þarf að vera rekin á hlutlausum grundvelli og þjóna öllum ferðaþjónustuaðilum.	Markvissari stuðningur við ferðaþjónustuaðila á svæðinu og upplýsingamiðstöðin njóti trausts allra innan greinarinnar.	Atvinnulíf	Atvinnumálafultrúi og bæjaryfirvöld.	Áhersla 1
Markaðssetning Ísafjarðarbæjar með tilliti til flutnings smáfyrirtækja til svæðisins.	Skoðaðar verði leiðir til að bjóða ívilnanir til nýsköpunar - fyrirtækja sem vilja flytja starfsemi sína til Ísafjarðarbæjar og þær ívilnanir kynntar markvisst. Þessar ívilnanir mega þó ekki skaða rekstrargrundvöll og samkeppnishæfni starfandi fyrirtækja á svæðinu.	Flutningur fyrirtækja til svæðisins leiði af sér atvinnusköpun.	Atvinnulíf	Atvinnumálafultrúi og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Áhersla 1 og 2
Aukin samskipti við Grænland.	Þarf að fullkanna viðskipta- og samstarfsmöguleika við sveitarfélög á Grænlandi. Þetta má útfæra í viðara samhengi og skoða nýtingarmöguleika á höfninni gagnvart erlendum útgerðum.	Aukin nýting hafna og hugsanlegur útflutningur á vörum og þjónustu frá Ísafjarðarbæ.	Atvinnulíf	Atvinnumálafultrúi og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Áhersla 2 og 3
Starfandi stórfyrirtæki með starfsstöðvar á Ísafirði auki við starfsemi sína.	Unnið verði í að sporna við flutningi starfa til höfuðborgarsvæðisins vegna netvæðingar og benda á fjarvinnslumöguleika t.d. varðandi bakvinnslu, gagnavinnslu, símsvörunarþjónustu og þjónustumiðstöðvar.	Aukin atvinnusköpun innan svæðisins.	Atvinnulíf	Atvinnumálafultrúi og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Áhersla 2 og 3
Kynning á lausu atvinnuhúsnæði.	Ísafjarðarbær verði í samvinnu við eigendur á lausu atvinnuhúsnæði um kynningu á því. Þetta getur verið undir upplýsingaheimasíðu og tengist kynningu á fjárfestingarkostum.	Aukin nýtingu á lausu atvinnuhúsnæði og hugsanleg atvinnusköpun.	Atvinnulíf	Atvinnumálafultrúi og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Áhersla 1, 2 og 3
Ráðningarskrifstofa Vestfjarða.	Haldið verði utan um þá einstaklinga sem hafa sérfræðimenntun og hafa áhuga á að starfa í Ísafjarðarbæ. Ferilskrár þeirra geymdar og fyrirtæki bæjarins hafi aðgang að þeim til skoðunar.	Betra aðgegni að sérmenntuðu og háskólamenntuðu starfsfólki.	Atvinnulíf	Atvinnumálafultrúi	Áhersla 1 og 2
Styrkjasérfræðingur.	Leitað verði eftir fjármagni til að ráða verkefnisstjóra sem sérhæfir sig í styrkumsóknargerð. Þessi verkefnisstjóri ætti að starfa hjá AtVest.	Aukin þjónusta við atvinnulíf og markvissari vinnubrögð við að ná fjármagni inn á svæðið til fyrirtækja og frumkvöðla.	Atvinnulíf	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Áhersla 1 og 3
Útvistun á starfsemi.	Ísafjarðarbær skoði möguleika þess að fá undirverttaka til að sinna ákveðnum verkefnum fyrir sig. Það má líkja þessu við einkaframkvæmd t.d. í rekstri sundlauga, leikskóla, hafna og áhaldahúss o.s.frv.	Hagræðing í rekstri sveitarfélagsins.	Atvinnulíf	Bæjaryfirvöld	Áhersla 6

Áhersla/Aðgerð	Lýsing	Markmið	Svið	Ábyrgð	Áhersla
Umskipunarhöfn vegna Pólsiglinga.	Vegna landfræðilegrar legu liggur Ísafjarðarbær vel við vegna umskipunar á varningi sem gætu hugsanlega verið flutt frá Asíu yfir Norður Íshafið á leið til Evrópu, Kanada og austurstrandar Bandaríkjanna.	Aukin nýting á höfnum Ísafjarðarbæjar.	Atvinnulíf	Atvinnumálafultrúi og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Áhersla 2 og 3
Stefnumótun ferðaþjónustu.	Innan ferðaþjónustu Ísafjarðarbæjar eru mismunandi skoðanir um framtíðarsýn, styrkleika og veikleika svæðisins sem áfangastað ferðamanna. Með aukinni samvinnu og sameiginlegri markmiðasetningu er hægt að efla greinina og markaðssetningu Vestfjarða.	Aukin samvinna og samstaða innan ferðaþjónustunnar um markaðssetningu Ísafjarðar og fjórðungsins í heild sinni.	Atvinnulíf	Atvinnumálafultrúi	Áhersla 3
Kynning á kvikmyndatökustöðum.	Það þarf að útbúa kynningarpakka sem hægt er að senda á framleiðslufyrirtæki jafnt innanlands og erlendis.	Sýnileiki svæðisins og auknar tekjur til verslunar og þjónustu.	Atvinnulíf	Atvinnumálafultrúi	Áhersla 1,2 og 3
Skerpa á starfi ferða- og atvinnumálafultrúa.	Skýr verkefni og betri eftirfylgni. Hugsanleg lausn er að ráða annan starfsmann sem sinnir eingöngu atvinnumálum.	Aukin þjónusta við atvinnulífið.	Atvinnulíf og umhverfi	Atvinnumálanefnd og Bæjaryfirvöld	Áhersla 6
Lækkun flutningskostnaðar.	Það þarf beita þrýstingi til að fá niðurstöður á því starfi sem hefur átt sér stað varðandi lækkun flutningskostnaðar. Einnig þarf að tryggja að Flateyri, Suðureyri og Þingeyri fá að njóta sömu kjara varðandi flutninga.	Stuðningur við flest öll starfandi fyrirtæki á svæðinu. Stuðningurinn kemur til með að skila af sér bættri afkomu fyrirtækjanna.	Atvinnulíf og umhverfi	Bæjaryfirvöld	Allar áherslur
Upplýsingaheimasíða Ísafjarðarbæjar.	Sett verði upp vefsíða sem gegnir hlutverki upplýsingaveitu fyrir alla íbúa samfélagsins. Hún verði þar að auki gerð út frá markaðslegum sjónarmiðum með það fyrir augum að selja og kynna bæinn sem vænlegan búsetukost. Einnig þarf kynningarefni sveitarfélagsins að taka tillit til fjölmenningslegs samfélags.	Betra upplýsingaflæði frá sveitarfélagi og betri kynning á því umhverfi sem bærinn hefur upp á að bjóða.	Umhverfi	Tölvunefnd Ísafjarðarbæjar	Áherslur 1 og 6
Hljýr mótökur aðfluttra íbúa.	Aðfluttir íbúar fá sendan upplýsingapakka um skóla, íþrótt- og menningarstarf ásamt upplýsingum um þá fjölbreyttu þjónustu sem er í boði á svæðinu.	Jákvæð ímynd út á við og aukin þátttaka aðfluttra í félagsstarfi.	Umhverfi	Bæjaryfirvöld	Áhersla 1
Kynning fjárfestingakosta innan Ísafjarðarbæjar.	Fjárfestingakostir greindir og kynntir á vefsíðu og reglulega í fagtimaritum. Áhersla verði lögð á hreint og ómengað umhverfi sem gefi af sér gæðaframleiðslu.	Bæta ímynd svæðisins sem atvinnusvæði og fjárfestingakost.	Umhverfi	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Áherslur 1,2 og 3

Áhersla/Aðgerð	Lýsing	Markmið	Svið	Ábyrgð	Áhersla
Heildarstefnumótun sveitarfélagsins.	Sveitarfélagið endurskoði starfshætti sína og fari í gegnum stefnumótunartönnu. Sveitarfélagið líti ávallt á sig sem þjónustuaðila fyrir íbúa sveitarfélagsins.	Sveitarfélagið verði skilvirkara, markvissara og setji gott forðæmi með faglegum vinnubrögðum.	Umhverfi	Bæjaryfirvöld	Áhersla 6
Staðbundið háskólanám og uppbygging háskólaþorps.	Staðbundið háskólanám þarf að vera valkostur í menntun á svæðinu. Það þarf að skoða vel hvernig þetta nám á að byggjast upp þ.e.a.s. Hvaða nám verður í boði. Staðbundið háskólanám er meginforsenda þess að hér verði blómleg byggð í framtíðinni.	Skapa valkosti í framhaldsmenntun fyrir íbúa svæðisins sem þar að auki laðar að nemendum og annað háskólamenntað fólk.	Umhverfi	Bæjaryfirvöld og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Áhersla 5
Íbúafundur.	Það þarf að halda reglulega íbúafundi um hin ýmsu málefni sveitarfélagsins.	Aukin þátttaka íbúa í starfi sveitarfélagsins og eykur gegnsæi í störfum sveitarfélagsins.	Umhverfi	Bæjaryfirvöld	Áhersla 6
Hagskýrsla Ísafjarðarbæjar.	Tölulegar upplýsingar um Ísafjarðarbær þurfa að vera tiltækar á hverju ári. Tölur úr atvinnulífi, íbúapróun, fjölda ferðamanna, fjölda nema o.s.frv.	Upplýsingar um stöðu Ísafjarðarbæjar verði ávallt til og uppfærðar á hverju ári sem nýtist ma. við samkeppnisgreiningu.	Umhverfi	Bæjarstjóri	Áhersla 1 og 6
Ímynd Ísafjarðarbæjar.	Það þarf að vinna markvisst í að koma jákvæðum fréttum á framfæri í miðla sem fá dreifingu á landsvisu. Ísafjarðarbær fái kynningu sem fjölskylduvænt samfélag með góðum leikskólum, grunnskólum, menntaskóla, unglamenningu og blómlegu menninga- og íþróttalífi.	Jákvæð ímynd Ísafjarðarbæjar sem búsetu og atvinnusvæði	Umhverfi	Atvinnumálafultrúi	Áhersla 1
Hagnýt viðmiðun við önnur sveitarfélög.	Reglulega þarf að bera saman starfsemi sveitarfélagsins við önnur og leita sífellt leiða til að bæta starfsemina.	Bætt starfsemi sveitarfélagsins.	Umhverfi	Bæjarstjóri	Áhersla 6
Efling HSV.	HSV þarf að vinna sem samtök sem þjónar öllum íþróttafélögum innan Ísafjarðarbæjar og Vestfjarða í heild sinni. Samtökin eiga að vera tengiliður íþróttafélaga við sveitarfélagið.	Aukin samstaða innan íþróttahreyfingarinnar sem leiði af sér öflugri íþróttastarfsemi.	Umhverfi	HSV	Áhersla 4
Grunngerð ávallt í lagi	Grunngerð samfélagsins verði ávallt eins og best verður á kosið og horft á Suðureyri, Þingeyri og Flateyri sem hluta af kjarna Ísafjarðarbæjar og þjónustustig þeirra verði ásættanlegt og metnaðarfullt.	Sveitarfélagið bjóði alltaf upp á bestu skilyrði fyrir atvinnulíf og búsetu.	Umhverfi	Bæjaryfirvöld	Áhersla 4

Áhersla/Aðgerð	Lýsing	Markmið	Svið	Ábyrgð	Áhersla
Skipun sóknarvinnuhópa	Það þarf að skipa faglega vinnuhópa sem taka á sérstökum og mikilvægum málefnum og verkefnum.	Aukið skipulag og skilvirkni varðandi störf sveitarfélagsins.	Umhverfi	Bæjaryfirvöld	Áhersla 6
Fjölmenningssetur verði eftir sem starfsstöð sem sinni landinu öllu.	Fjölmenningssetrið er búið að ná talsverðri eftirtekt með sínu starfi og það er nauðsynlegt að tryggja áframhaldandi tilvist þess og styðja við útvíkkun á þjónustu setursins á landsvisu.	Ísafjarðarbær fái ímynd sem framúrskarandi sveitarfélag fyrir nýbúa.	Umhverfi	Bæjaryfirvöld	Áhersla 4
Blómlegt menningarlíf.	Samfélagið státar af blómlegu menningarlífi og þarf að halda áfram þeim stuðningi sem byggt hefur upp menningarlífið.	Framboð á menningarviðburðum verði fjölbreytt og henti flestum íbúum samfélagsins.	Umhverfi	Bæjaryfirvöld, menningarstofnanir og frjáls félagasamtök.	Áhersla 4
Gagnvirkt samband sveitarfélags og íbúa.	Gefinn verði kostur á því á heimasíðum sveitarfélagsins að koma ábendingum á framfæri um það sem betur má fara og því sem er til fyrirmyndar hjá sveitarfélaginu.	Aukin þátttaka íbúa í starfi sveitarfélagsins.	Umhverfi	Bæjarstjóri	Áhersla 6